



# Fundargerð

186. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, fimmtudaginn 12. mars. 2015 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, varamaður og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: Skúli Björnsson og Guðbjörg Björnsdóttir.

## Dagskrá:

1. Opnun tilboða
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Samningur Tölvuteymi
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

## 1. Opnun tilboða

### *Framlögð gögn*

Lögð var fram fundargerð frá 10. mars sl. um opnun tilboða í stofnlagnir á Egilsstaðanesi – lagnaefni.

Tvö tilboð bárust:

Frá Ísrör ehf. kr. 32.656.245,- og frá Set ehf. kr. 26.528.233,-

Kostnaðaráætlun verkkaupa var kr. 34.500.000,-

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Set ehf. á grundvelli tilboðs.

## 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

a) Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir um lagna leiðir hitaveitu til Seyðisfjarðar um göng undir Fjarðaheiði.

## 3. Samningar við Tölvuteymi

Framkvæmdastjóri lagði fram ný drög að samningi við Tölvuteymi um leigu á fjarskipalögnum í eigu HEF.



Það er vilji stjórnar að áfram verði unnið að því að ná samkomulagi.

#### 4. Önnur mál

a) Lögð voru fram drög að samningi við landeigendur um lagnastæði HEF um land Egilsstaða 1. Framkvæmdastjóra falið að klára málið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið.

b) Nýting seyru til uppgræðslu á Fljótsdalshéraði. Lagt fram til kynningar.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:09

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.